

## LÖG

### um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013 (val stjórnarmanna).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sjö menn“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: níu menn.
- b. 2. mgr. orðast svo:  
Fyrir stjórnarkjör á aðalfundi skal Alþingi tilnefna, með hlutbundinni kosningu, níu menn og jafnmarga til vara sem kosnir skulu í stjórn félagsins.
- c. 3. mgr. orðast svo:  
Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefna einn mann og annan til vara á löglega boðuðum fundi og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn Ríkisútvarpsins.
- d. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. júlí 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Illugi Gunnarsson.*